

Fjármálaleikar



Þátttakendur svara spurningum úr fjórum efnissviðum:

Ég

Heimilið

Nám og Atvinna

Samfélagið.

Evrópukeppni í fjármálalæsi

Evrópukeppni í fjármálalæsi milli grunnskóla í Evrópu fer fram á vorin á hvert í Brussel, Belgíu. Evrópsku bankasamtökin standa að Evrópukeppninni þar sem um þrjátíu Evrópuríki taka þátt.

Undankeppnir eru haldnar í hverju þátttökulandi og á Íslandi eru haldnir

Fjármálaleikar milli grunnskóla í kringum árlega alþóðlega fjármálalæsisviku í mars.

Nemendur í 10. bekk hér á landi fá þá tækifæri til að taka þátt í Fjármálaleikunum og keppa í nafni síns skóla, en sá skóli sigrar sem fær hlutfallslega flest stig. Fyrir sigurinn fá tveir nemendur úr skólanum að fara í hans nafni ásamt kennara til Brussel í Belgíu til að taka þátt í keppni um hvaða skóli í Evrópu hlýtur Evróputitilinn í fjármálalæsi, auk þess sem árgangurinn fær peningaverðlaun til að gera eitthvað skemmtilegt saman.

Evrópukeppnin tvískipt

- Fjármálaleikar - undankeppni, Íslandstitill
- Evrópukeppni - úrslitakeppni, Evróputitill

Fjármálaleikar

[Fjármálavit](#) stendur að Fjármálaleikunum fyrir hönd nemenda á Íslandi en að baki Fjármálavits standa Samtök fjármálafyrirtækja með stuðningi Landssamtaka lífeyrissjóða.

Fjármálavit er vettvangur fræðlu í fjármálalæsi og er tilgangurinn að veita kennurum innblástur í kennslu og stuðla að auknu vægi fjármálalæsis þegar kemur að aðalnámskrá grunnskóla.

Reglur um þátttöku í Fjármálaleikum

Fjármálaleikar fara fram í formi netspurningaleiks þar sem hver þátttakandi skráir sig til leiks á vefslóðinni Fjarmalaleikar.is.

Við skráningu gefur þátttakandi upp nafn, í hvaða skóla hann er og þar með er viðkomandi skóli orðinn þátttakandi í leiknum. Hver þátttakandi þarf að eiga Facebookreikning eða hafa aðgang að einum. Ekki er gerð krafa um að allir nemendur í árgangi taki þátt til að viðkomandi skóli teljist með. Lágmarksfjöldi þátttakenda úr hverjum skóla er tíu og í fámennum skólum geta fleiri en einn árgangur spilað til að fylla upp í þá tölu. Árangur hvers skóla er reiknaður hlutfallslega miðað við fjölda þátttakenda innan hans.

Á meðan á leiknum stendur geta þátttakendur spilað hvenær sem er á tímabilinu, tekið hlé á spilun og byrjað aftur þar sem frá var horfið. Hér skiptir hópeflið máli, að vera ekki fljótfer og að klára allar spurningar.

Á meðan á leik stendur sjá þátttakendur hvaða skólar verma efstu sætin. Þegar leikurinn klárast á miðnætti síðasta dags verður lokað fyrir frekari spilun og farið í það að sannreyna að skráðir þátttakendur séu allir í þeim skólum sem þeir skrá sig til leiks fyrir og óæskilegir þátttakendur hreinsaðir út ef þeir eru.

Þetta getur breytt upphaflegum úrslitum og verða þau því ekki endanlega ljós fyrr en daginn eftir.

Gangur leiksins

Þátttakendur svara 64 spurningum á fjórum efnissviðum:

- Ég
- Heimilið
- Nám og atvinna
- Samfélagið

Stig fást fyrir hvert rétt svar, en þrjár tilraunir eru gefnar fyrir hverja spurningu. Fyrir rétt svar í fyrstu tilraun fást 100 stig, 50 stig fyrir að svara í annarri tilraun og 25 stig fyrir að svara í þriðju tilraun. Ef öllum fjórum spurningum í verkefni er svarað rétt í fyrstu tilraun fást 100 bónusstig.

Hægt er að fá orður fyrir framgang og frammistöðu. Leikurinn, sem tekur mið af PISA þekkingarramma OECD í fjármálalæsi, var upphaflega þróaður og hannaður í samvinnu við Ómar Örn Magnússon kennara í Hagaskóla sem hefur mikla reynslu af því að semja kennsluefni um fjármál fyrir unglunga.

Vinningar

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin:

Fyrsta sæti - peningaverðlaun

Annað sæti - peningaverðlaun

Þriðja sæti - peningaverðlaun

Nemendur sem klára allar spurningarnar geta átt von á að vera dregnir úr potti og fengið peningaverðlaun.

Evrópukeppni

Sá skóli sem sigrar Fjármálaleikana sendir tvo nemendur til Brussel ásamt kennara til að taka þátt í úrslitum Evrópukeppninnar í fjármálalæsi í Brussel.

Það er í höndum skólans að ákveða hverjir verða fulltrúar hans í þeirri keppni.

Fyrir ferðina er gerður samningur um ábyrgð milli aðstandenda keppninnar hér heima og foreldra/forráðamanna þeirra tveggja nemenda sem fara í ferðina.

Einnig þurfa foreldrar/forráðamenn að fylla út eyðublað til samþykktar ferðar.

Sjá í viðauka.

Keyptar verða ferðatryggingar fyrir nemendur og kennara þeirra.

Kennari sem fer með nemendum í ferðina fær greidda ferð og gistingu.

Í keppninni í Brussel er notast við spurningaforritið **Kahoot** sem vel flestir nemendur þekkja. Keppnin fer fram í höfuðstöðvum Evrópsku bankasamtakanna þar sem öll liðin eru saman í einum sal. Hvert lið fær tölvu og svarar spurningum tengdum fjármálum á tungumáli viðkomandi liðs. Í lok keppnisdags er verðlaunaafhending fyrir þrjú efstu sætin.

Þetta verður í þriðja skiptið sem íslenskir nemendur keppa í Brussel en síðustu tvö ár hafa nemendur úr Austurbæjarskóla í Reykjavík og Nesskóla í Neskaupstað keppt fyrir hönd Íslands.

Vegna COVID aðstæðna verður Evrópukeppnin ekki haldin í Brussel árið 2021 en í staðinn verða gerðar aðrar ráðstafanir sem auglýstar verða fljótlega.

Viðauki 1

Samningur SFF og forráðamanna



Við undirrituð höfum kynnt okkur eftirfarandi samkomulag milli Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) og forráðamanna ólögráða barns um keppnisferð þess á Evrópumótið í fjármálalæsi í Brussel, Belgíu 28. og 29. apríl 2020.

Ábyrgð forsjármanna

- Foreldrar og forsjáraðilar bera ábyrgð á barni sínu, ráða persónulegum högum þess og taka ákvörðun um að heimila því að taka þátt í ferð og keppni af þessu tagi.
Forsjáraðilar XXXX kt. XXXX skulu undirrita [evðublað frá Sýslumanni](#) og þannig veita samþykki vegna ferðar hennar/hans til Brussel dagana 28. og 29. apríl 2020
- Það er á ábyrgð forsjármanna að sjá til þess að vegabréf barns sé í gildi og að barnið hafi með sér gilt sjúkratryggingakort frá Sjúkrastofnun Íslands.
(sækja annars um hér :<http://www.tr.is/sjalfsafgreidsla/evropskt-sjukratryggingakort/>)
- Gott er fyrir forsjáraðila á að kynna sér hvaða tryggingavernd felst í heimilistryggingum fjölskyldunnar áður en farið er í ferðina.

Ábyrgð SFF

- SFF skulu gefa barninu og forsjáraðila þess skýrar upplýsingar um fyrirhögun ferðarinnar og keppninnar þannig að foreldrar geti tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku og allir aðilar viti hvaða kröfur eru gerðar til þeirra.
- Samkvæmt íslenskum lögum bera aðilar sem skipuleggja félags- eða tómstundastarf fyrir börn [ekki sjálfkrafa](#) ábyrgð á tjóni, tapi eða óhöppum sem börn verða fyrir í slíku starfi og á það við ferðir til útlanda. Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) bera þar af leiðandi eingöngu skaðabótaábyrgð á tjóni ef starfsmaður á þeirra vegum sýnir af sér sök eins og vanrækslu við að gæta barnanna í slíkri ferð sem veldur t.d. slysi eða tjóni eða ef aðbúnaður í ferðinni er ófullnægjandi og veldur slysi eða öðru tjóni
- SFF skulu sjá um að kaupa sérstaka ferðatryggingu fyrir barnið í ferðina.
- Kennari barns og starfsmaður SFF skulu hafa skýrar leiðbeiningar um sitt hlutverk og búa yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til að axla ábyrgð.

Viðauki 2

Samþykki vegna ferðar barns til útlanda.

Samþykki vegna ferðar barns til útlanda - Consent Letter for Child Travelling Abroad

Til þess sem málið varðar: / To whom it may concern:		
Ég/Við undirrituð/undirritaður, sem er/erum foreldri/foreldrar/með forsjá gagnvart neðangreindu barni: I/We undersigned, the parent/parents, with custody over the following child:		
Fullt nafn þess sem gefur samþykki / Full name of the person giving consent:	Kennitala / Identification number:	
Sími og netfang / Phone number and email address:		
Fullt nafn þess sem gefur samþykki / Full name of the person giving consent:	Kennitala / Identification number:	
Sími og netfang / Phone number and email address:		
Fullt nafn barns sem ferðast erlendis / Full name of child travelling abroad:	Kennitala / Identification number:	
Heimili / Address:		
Fæðingardagur / Date of birth:	Vegabréfsnúmer / Passport number:	
Fæðingarstaður / Place of birth:	Útgáfuland vegabréfs / Country issuing passport:	
Barnið hefur heimild mína/okkar til að ferðast eitt. /The child has my/ours consent to travel alone. [] EDA/OR Barnið hefur heimild mína/okkar til að ferðast með: / The child has my/our consent to travel with: []		
Fullt nafn þess em ferðast með barni / Full name of the accompanying person:	Kennitala/ identification number:	
Heimili/ address:		
Tengsl við barn: (móðir, faðir, stjúppforeldri, afi, amma, systkini, ættingi, annað) / Relationship to child: (mother, father, stepparent, grandparent, brother, sister, relative, other)	Vegabréfsnúmer / Passport number:	
	Útgáfuland vegabréfs / Country issuing passport:	
Ég/við samþykki/samþykkjum að barnið ferðist til útlanda: I/We give our consent for this child to travel abroad:		
Áfangastaður / áfangastaðir / Destination/s:		
Heimild þessi gildir á tímabilinu (brottfarardagur – komudagur) / This consent is valid between (departure date – return date)		
Undirskriftir / Signatures: Vottfest af tveimur vottum, EDA lögbókanda (mælt með) / Witnessed by two witnesses OR Notary Public (recommended).		
Dagsetning / Date:	Undirskrift þess sem gefur samþykki / Signature of person(s) giving consent:	Vottorð lögbókanda / Signature of Notary Public. Undirritað í minni viðurvist/Signed in my presence á/by
Dagsetning / Date:	Undirskrift þess sem gefur samþykki / Signature of person(s) giving consent:	
Vottur, fullt nafn með prentstöfum / Witness, full name:		
Dagsetning / Date:	Undirskrift votts / Signature of witness:	
Vottur, fullt nafn með prentstöfum / Witness, full name:		
Dagsetning / Date:	Undirskrift votts / Signature of witness:	